


## Dráttarvélar – Er þreplaus hraðastjórnun góður valkostur?

Margir dráttarvélaframleiðendur bjóða nú kaupendum dráttarvélar með þreplausa hraðastjórnun. Þær eru flestar útfærðar með sama hætti og á Fent-vario dráttarvélu sem er sambland af plánetugír og sérstökum vökvaprýstibúnaði (hydrostatisk). Í



Þýskalandi var nýlega gerð athugun hjá 559 bændum á notagildi þessa búnaðar á vélum sem notaðar höfðu verið um 1000 vinnustundir. Dráttarvélar voru af gerðinni Case, IH/Steyr, Fendt og John Deere. Framleiðendurnir á Deutz Fahr og Massey Ferguson bjóða einnig upp á þennan búnað en hann er það nýr á markaðnum að ekki þótti við hæfi að hafa hann með í þessari rannsókn.

Flestir (um 97%) keyptu þennan búnað vegna þess hve þægilegt er að hafa gott vald á ökuhraða vélanna. Um 90% bænda stóðu í þeirri trú að unnt væri að draga úr eldneypisþörf vélanna. Það kom þó í ljós að um 85% af Fendt notendum, 76% af af Case notendum og 68% af John Deere notendum töldu að væntingar um það hefði ekki gengið eftir.

Með tilliti til þæginda við stjórnubúnaðinn voru Case eigendur sérstaklega ánægðir með akstursfetilinn og hraðastýringuna (tempomaten). Notendur Fent vélanna voru sérlega ánægðir með handvirku stjórnunina (joystik) og hraðastýringuna en síður ánægðir með handlíugjöfina og hlutleysishnappinn (neutraltasten). John Deere eigendur voru ánægðir með aksturshandfangið og vendigírinn en óánægðir með skjástærðina.

**Hraðastýring** (tempomat) er kerfi þar sem dráttarvélin ekur á tilteknum hraða án tillits með mótorkhraða.

**Akstursfetill** er ástig(pedall) þar sem unnt er að breyta ökuhraða án þess að mótorkhraði breytist.

Varðandi **rekstraröryggi** höfðu 70% aðspurðra farið með dráttarvélin á verkstæði. Í 45% tilvika var það vegna drifbúnaðar. Það var þó í nær öllum tilvikum vegna raftæknilegra vandamála varðandi stjórnun á drifbúnaði. Í 8% tilvika var það vegna véltæknilegra bilana og í

3% tilvika varð að skipta um allan drifbúnaðinn. Á Case dráttarvélunum var sérlega mikið um raftæknileg vandamál. Af þeim bilunum sem fram komu í drifbúnaði voru 52% af Case dráttarvélunum, 4% í Fendt og 37% af John Deere dráttarvélunum. Rétt er að taka fram að meðalaldur áðurnefndra véla voru 13, 20 og 9 mánaða. Þegar tölurnar eru umreiknaðar til 12 mánaða aldurs væru Case dráttarvélnar með 2,8 bilanir, Fendt 1,3 og John Deere 2,1 viðgerðir.

Þegar eigendur voru spurðir hvort þeir myndu kaupa sömu gerð af dráttarvél aftur svöruðu 97% játandi en 27% töldu að unnt væri að gera verulegar endurbætur á dráttarvélunum.

Ekki liggja fyrir neinar skipulegar innlendar athuganir í þessum efnum.

Grétar Einarsson  
Rannsóknastofnun landbúnaðarins  
Bútæknideild Hvanneyri,  
apríl, 2004.

Þýtt og endursagt eftir vefheimildum frá Lanbrugets Ráðgivningscenter, Danmörku, LBM-nyt nr 1255 og Profi nr. 4/03